

24. Frumvarp

til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfnni og við-
auka við hana.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

I. kafli.

Um refsingar.

1. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara hegningu með fangelsi við venjulegt
fangaviðurværi.

2. gr.

Hvarvetna þess, er fangelsi við vatn og brauð liggur við afbroti, má í
þess stað dæma brotamann til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í eigi
skemri tíma en 12 daga og eigi lengur en 6 mánuði.

3. gr.

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39,
16. nóvember 1907, taka einnig til manns, sem dæmdur er samkvæmt hinum
almennu hegningarlögum eða 4. gr. laga þessara í alt að eins árs betrunar-
hússvinnu.

II. kafli.

Um þjófnað og fleiri afbrot.

4. gr.

Hver sem sekur verður um þjófnað skal í fyrsta sinn sæta fangelsi eða betrunarhússvinnu, alt að 2 árum.

Ef hið stolna er eigi 30 króna virði og engin atvik eru samfara afbrotinu, er þyngi saknæmi þess og hinn seki hefir eigi áður orðið uppvis að auðgunarglæp skal málssókn því að eins höfða, að sá kretjist þess, sem misgjört er við.

5. gr.

Ef þjófnaðarafbrotið er mjög stórfelt, svo sem vegna þess með hvaða hætti það er framið, eða af því að glæpamaðurinn hefir búið sig vopnum eða öðru hættulegu tæki, eða vegna verðmætis hins stolna eða hversu ástatt var um það eða geymslustað þess, má þyngja refsinguna fyrir afbrotið alt að 6 ára betrunarhússvinnu.

6. gr.

Nú hefir maður, er til refsingar skal dæma samkvæmt 4. eða 5. gr., áður verið dæmdur fyrir þjófnað eða fyrir brot þau, er ræðir um í 23. —27., kap. hinna alm. hegningarlaga, og má þá hækka refsinguna um allt að helmingi af þeirri refsingu, er hann hefði hlotið annars. Ef hann ostar en einu sinni áður er dæmdur fyrir þessi afbrot, má refsingin verða tvöfalt þyngri.

7. gr.

Nú legst vinnufær maður í óreglu og slæpingsskap og verður þar af leiðandi sveitinni til þyngsla, vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart einhverjum, sem við það verður bjargþrota, eða greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum eða barni, og skal þá lögreglan aðvara hann, og ef unt er, vísa honum á vinnu með atbeina fátækra stjórnarinnar.

Ef sami maður innan árs frá því að hann var aðvaraður, verður staðinn að hinu sama hátterni og með sömu afleiðingum, sem áður greinir, skal honum refsað með fangelsi eða betrunarhússvinnu alt að 12 mánuði.

8. gr.

Nú legst maður í slæpingsskap á þann veg, að ástæða er til að ætla að hann hafi ekki ofan af fyrir sjer á löglegan hátt, og skal þá lögreglan leggja fyrir hann að leita sjer heiðarlegrar atvinnu innan ákveðins, hæfilegs tíma. Hljóðnist hann ekki þessari skipun skal honum refsað eins og segir í 7. gr.

Spilamenska telst ekki heiðarleg atvinna. Og lögreglan getur ennfremur í fyrirmælum sínum til hlutaðeiganda, sem skulu vera brjefuð og birt honum meg vottum, ákveðið, að tiltekin starfsemi, sem í eðli sínu er grunsamleg og órðugt að hafa eftirlit með, verði ekki talin heiðarleg atvinna.

9. gr.

Nú hefir maður verið dæmdur samkvæmt 7. eða 8. gr. eða oftár en einu sinni fyrir auðgunarglæp og getur þá lögreglan lagt fyrir hann að koma til staðar á vissum tímum og gefa skýrslu um hvar hann býr eða dvelur og hvaða atvinnu hann stundar.

10. gr.

Sá, sem gerir sjer atvinnu af glæfraspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, enda sjeu þau eigi leyfi af þeim, sem að lögum eða venju samkvæmt er heimilt að veita slík leyfi, skal sæta fangelsi eða allt að eins árs betrunarhússvinnu.

Nú fremur maður brotið í atvinnu sinni og má þá dæma hann til að hafa fyrirgert rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.

11. gr.

Sá, sem veitir húsaskjól fyrir óleyft glæfraspil, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.

12. gr.

Glæfraspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, enda sje spilið þess eðlis og það, sem undir er lagt svo mikils virði, að telja megi ávinningslöngunina aðalatriðið.

Veðmál, teningskast og annað slíkt skal undir sama skilorði talið til glæfraspila.

Með dómi skal ákveðið að vinningur af glæfraspili skuli gerður upptækur.

III. kafli.

Hvenær fá lögin gildi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928, þó verður ákvæðum 1. og 2. greinar laganna ekki beitt fyr en dómismálaráðuneytið hefir tilkynt og gefið út reglugjörð um hvar og hvernig vinnan komi til framkvæmda.

14 gr.

Ákvæði 3.—6. gr. taka til allra mála, sem ekki eru dæmd úrslitadómi áður en lögin öðlast gildi, en 7.—12. gr. tekur að eins til brota, sem framin eru eftir þann tíma.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 230.--234. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er upp á síðkastið orðin ærið almenn krafa að hegningarlöggjöf vor verði endurskoðuð. Við þessari kröfu mun að vísu ekki verða dauðheyrst lengur, en með því að búast má við, að gagngæri endurskoðun taki talsverðan tíma, en nokkur atriði gildandi hegningarlöggjafar þurfa að rjettu lagi bráðra aðgerða við, og önnur atriði vanta þar, sem rjett þykir að lögleiða, er þetta frumvarp lagt fyrir þingið nú. Æskilegt hefði verið, að unnist heldi tími til að taka fleiri atriði upp í frumvarpið, en breytingar þær á gildandi lögum, sém í því eru, eru þó svo víðtækar, að ákvæði I. kafla ná til refsinga fyrir meginþorra þeirra brota, sem hjer eru framin, og 4.—6. gr. miða að því, að ráða bót á þeim ákvæðum gildandi laga, sem telja má meðal hinna úrelltustu, en taka jafnframt til afbrots, sem er hið langtíðasta enn hjer á landi. Annars þykir ekki þörf að greina fleira um frumvarpið alment eða gera sjerstaklega grein fyrir hverjum kafla fyrir sig, en um einstakar greinar skal það sagt sem á eftir fer.

Um 1. gr.

Frumboðorðið um alla refsivist nú á tímum er það að halda fóngum til vinnu. Ákvæði hegningarlaganna um fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í alt að 6 mánuði fær ekki samrýmst þeirri stefnu, að takmarka sem mest vinnulausa refsivist. Þetta atriði er ekki að eins hegningarfræðilegt heldur og hagfræðilegt, og er einsætt að láta ekki lengur dragast að gera þessa umbót á hegningarlöggjöfnni, sem greinin mælir fyrir um.

Um 2. gr.

Vatns- og brauðsrefsing er hin tíðasta hegning sem beitt er hjer á landi fyrir brot á hegningarlögunum. Nú munu flestir sammála um það, að þessi refsitegund sje litt til þess fallin að hafa siðbætandi áhrif á fanga og til næsta lítils nýt, nema til þess að sefa ofsa eða mótpróa manns í fangavist og lina líkamsþrek hans. Í greininni er dómstólunum gefin heimild til að velja milli tveggja refsitegunda og er hjer valin hin sama leið og verið hefir í lögum í Danmörku yfir 20 ár og borið hefir þannu árangur, að nú er vatns- og brauðsrefsing litid notuð. Eins mánaðar vinnuvist er látin samsvara 5 daga fangelsi við vatn og brauð, sbr. 29. gr. hgl.

Um 3. gr.

Skilorðsbundnir hegningardómar voru hjer, eins og annarsstaðar, teknir í lög sem tilraun og því farið sem allra skemst í þá stefnu. Vegna nú fenginnar góðrar reynslu, þykir ekki varhugavert að vikka svið fyrir þessa dóma og það því fremur, sem þess eru ekki fá dæmi, að dæma hefir orðið brotamann í betrunarhússvist sökum beinna ákvæða hegningarlaganna, þótt brot hans í sjálfu sjer hafi verið þess eðlis og alt ráð hans sjálfs, að skilorðsbundinn dómur hæfði best. Dómstólarnir munu og hjer eftir, sem hingað til, gæta varkárni í þessu efni.

Um 4. og 5. gr.

Þessar greinar eiga að taka yfir þjófnað, sbr. 230. og 231. gr. hgl. En hjer er farið sú leið að stryka út hinar gömlu skörpu markalínur milli einfalds þjófnaðar og stórþjófnaðar, það er fengið alveg dómstólunum í hendur að meta sakargildi hins framma afbrots. Að vísu tekur 4. gr. aðallega til einfalds þjófnaðar, samkv. 230. gr. hgl., en samkv. 4. gr. ber einnig að refsast fyrir allmörg þjófnaðarafbrot, sem telja verður nú til stórþjófnaðar, samkv. 231. gr. hgl. Þeirri grein hafa verið færðar fleiri fórnir um dagana en verðugt er.

Öll í meira lagi saknæm þjófnaðarbrott ber að heimfæra undir 5. gr., og þykir nægilegar leiðbeiningar gefnar í greininni um það, hvenær henni ber að beita.

Í 4. gr. er lágmark refsingar ákveðið fangelsi, og eiga dómstólarnir því vól á milli allra tegunda fangelsisrefsinga, en eru ekki bundnir við vatn og brauð eins og í 230. gr. hgl. Hámark refsingar er hið sama sem í 230. gr. Í 5. gr. er hámark refsingar sett 2 árum lægra en í 231. gr. og styðst við það, að 6 ár hefir reynst nægilegt hámark refsingar fyrir þjófnað síðan hgl. voru sett.

Nýmæli eru í 2. mgr. 4. gr. Þykir þetta ákvæði ekki geta komið í bága við góða reglu í þjóðfjelinu, en getur aftur verið afarmikilsvert fyrir þann sem hefir missjedi sig.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 232—234. gr. hgl. og miða að hinu sama og 4. og 5. gr., að höggva sundur óeðlilega lagaramma, en leggja að öllu leyti á vald dómstólanna að meta, upp að seltu hámarki, hvenær þyngja skal refsingu vegna ítrekunar afbrots.

Um 7. og 8. gr.

Hagsmunir þjóðfjelagsins krefjast þess, að borgararnir afi sjer uppeldis við löglegt, heiðarlegt starf, en sói ekki fje almennings með skaðvænlegu hátterni sinu. — Óregla og slæpingsskapur með þeim afleiðingum, sem getur í 7. gr., er því glæpur gagnvart þjóðinni, og ber að refsast fyrir hann.

Fyrir afbrot samkv. 7. gr. verður þó því að eins refsast, að maðurinn sje vionufær og hafi »lagsta« í óreglu og slæpingsskap aftur þrátt fyrir fengna aðvör- un, og sjálfskaparviti sje, að hann hafi ekki stundað eitthvert heiðarlegt starf. Fátækrastrjórnin og lögreglan haldast í hendur um að koma brotamanni á rjettan kjöl og er hann hlítir ekki aðvörun og tilvísun um vinnu, á hann að vera rjett- tækur undir refsingu.

Ákvæði 8. gr. eru sama eðlis og 7. gr., en lúta að þeim slæpingjum, sem ætla má að hafi ekki heiðarlegt eða löglegt starf sjer til framfæris, svo sem spila- mensku, áfengissmyglun, áfengissölu eða annað ólöglegt athæfi. Frekari vísast fæst fyrir því, að ákvæðum greinainnar geti orðið beitt, ef lögreglan hefir vald til fyrir fram að láta hinn brotlega vita, að honum henti ekki að leita vissra starfa, sem hún tiltekur.

Um 9. gr.

Greinin þykir ekki þurfa skýringa.

Um 10.—12. gr.

Fyrirmæli þessara greina eru eiginlega endurnýjun ákvæða Jónsbókar, Þjófabálks 17, um »dufl, teningskast um peninga og veðmál«. En þessi ákvæði verður að telja alveg fallin úr gildi fyrir notkunarleysi.

Orðið glæfraspil á að taka til allra athafna, sem getur í 12. gr. 1. og 2. mgr., en til þess að athöfnin sje refsiverð verður að meta það í hvert sinn hvort það, er undir er lagt, sje svo mikils virði, að ávinningslöngunina verði að telja aðalatriðið. Virðist ekki varhugavert að láta dómstólana framkvæma þetta mat. Spilið getur hinsvegar heyrt undir glæfraspil þótt úrslitin velti ekki ein- göngu á tilviljun en fari að nokkru leyti eftir kunnáttu spilarans.

Í þessum lögum þykir ekki fært að undanþiggja refsingu glæfraspila- mensku er fram fer í einkabústöðum manna, því að þá væri fyrirfram útilokað, að lögin næði tilgangi sínum gagnvart spilamensku, er á sjer stað og sannanlegt er um, að valdið hefir stjórtjóni og glæpsamlegu atferli ekki svo fárra manna, án þess að refsa mætti spilurunum samkvæmt 10. gr. Þess vegna eru ákvæði 11, gr. höfð þetta viðtæk. Hvort það annars tekst með refsingum að hefsta þenna spilafaraldur, sem á sjer stað, verður reynslan að skera úr, en að hamla honum nokkuð ætti að mega takast.

Þegar spilamenskan fer fram eða að henni er stuðlað í atvinnuskyni, er refsingin fangelsi og getur orðið betrunarhúsvinna, sbr. 10. gr., en samkvæmt 11. gr. sektir eða fangelsi. Er það ekkert varhugavert að láta þann, sem tekur þátt í glæfraspili, þótt ekki í atvinnuskyni sje, sæta sektum, þar sem hann tekur þátt í verknaði, sem er óheiðarlegur sem atvinnurekstur.

Vinning allan ber að gera upptækan, þar sem verknaðurinn er vítaverður fyrir hvern þann, er tekur þátt í honum.

Um III. kafla.

Sökum húsnæðisleysis getur ákvæði 1. og 2. gr. ekki komið til fram- kvæmda við innvinnu fyr en aukið húsnæði fæst. En annars á dómsmálaráðu- neytið að setja reglur um framkvæmd vinnunnar og getur hún fult svo vel verið útvinna, og það enda heppilegast oftast, en alt að einu mun þó þörf aukins húsnæðis.

Ákvæði 14. gr. þurfa ekki skýringar við, en þess getið, að 3.—6. gr verða ekki til að þyngja refsingu frá því sem hún er í gildandi lögum en í flestum tilfellum til linunar. En ákvæðið viðvikjandi 7.—12. gr. er sjálfsgagt þar sem um nýmæli er að ræða.